



Fundargerð 4. fundar stjórnar SSA 10.september 2019

Fundargerð

Fundurinn var haldinn í Fjarðaborg á Borgarfirði eystri og hófst hann kl. 14:00

Mættir Stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson formaður, Gunnar Jónsson, Hildur Þórisdóttir, Gauti Jóhannesson, Pálína Margeirsdóttir, Jakob Sigurðsson og Sigríður Bragadóttir.

Boðaður var Stefán Bogi Sveinsson sem komst ekki. Hvorugur varamanna hans komust svo Jakob Sigurðsson var boðaður í hans stað.

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Gestur fundarins undir lið 1. voru Jón Þórðarson og Sæunn Stefánsdóttir.

Dagskrá:

1. Fundur stjórnar SSA með hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps.

2. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 2.1 Fundargerð frá 3. fundi stjórnar SSA 2019-2020 - til staðfestingar.
- 2.2 Fundargerðir stjórnar SSH (473), SSNV (47), Eyþing (324), SASS (548), SSS (746) – til kynningar.
- 2.3 Fundargerð 873. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - til kynningar.
- 2.4 Fundargerð stjórnar SV-Aust 20. ágúst - til kynningar.
- 2.5 Samstarfsvettvangur sveitarfélaganna um heimsmarkmiðin og loftslagsmál – til kynningar
- 2.6 Jafnréttisviðurkenning – til kynningar
- 2.7 Boð á ársþing, SSNV og SSS – til kynningar
- 2.8 Minningardagur sameinuðu þjóðanna vegna umferðarslysa – til kynningar

3. Innra starf SSA

3.1 Ýmsir fundir

- 3.1.1 Aukalandsþing Sambandsins 6. sept 2019
- 3.1.2 Opnn fundur um heilbrigðisstefnu þann 22. ágúst á Egilsstöðum
- 3.1.3 Starfsáætlun alþingis 2019-2020

3.2 Sóknaráætlun

- 3.2.1 Staða mála vegna endurskoðun sóknaráætlunar og samninga
- 3.2.2 Fundur með stýrihópi haustið 2019
- 3.2.3 Innkomið erindi frá UngAust

3.3 Byggðaaætlunarverkefni

3.3.1 Yfirferð yfir verkefni byggðaaætlunar

3.3.2 C9 – verkefnatillaga

3.4 Haustþing SSA

3.4.1 Dagskrá – framvinda

3.4.2 Verkefnalisti – framvinda

4. Umsagnir

4.1 Umsögn SSA vegna grænbókar, um stefnu stjórnvalda í málefnum flugrekstrar og flugtengdrar starfsemi á Íslandi.

4.2 Yfirferð yfir málalista í samráðsgátt sem eru opin til umsagnar

5. Önnur mál

5.1 Almenningsamgöngur

5.2 Tímalengd skipunar í fagráð og úthlutunarnefnd vegna uppbyggingasjóðs

5.3 Boðun varamanna

Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn

1. Fundur stjórnar SSA með hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps

Gestur fundarins undir þessum lið var Jón Þórðarson sveitastjóri á Borgarfirði. Jón ræddi íbúápróun á svæðinu. Hann sagði aðalástæðu þess vera skort á atvinnumöguleikum á svæðinu og þá sérstaklega fyrir menntað fólk. Jón talaði einnig um að mikill straumur ferðamanna hefði verið á Borgarfirði í sumar eins og undanfarin ár. Hann sagði mikla ásókn ferðamanna í að ganga upp lundastigann og þar hefðu 46 þúsund manns farið upp frá því í apríl á þessu ári. Umræður um stöðu mála á Borgarfirði sem og Austurlandi öllu. Formaður og stjórnarmenn þökkðu Jóni kærlega fyrir samtalið.

2. Fundargerðir, erindi og ályktanir

2.1 Fundargerð frá 3. fundi stjórnar SSA 2019-2020

Fundargerðin var staðfest af stjórn.

2.2 Fundargerðir stjórnar SSH (473), SSNV (47), Eyþing (324), SASS (548), SSS (746). Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.

2.3 Fundargerð 873. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

2.4 Fundargerð stjórnar SV-Aust 20. ágúst.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar. Formaður nefndi að stjórn SV-Aust hefði gert athugasemd við Eyþing um breytta áætlun á akstri milli Egilsstaði og Akureyrar og verður fundað vegna þess 20.september.

2.5 Samstarfsvettvangur sveitarfélaganna um heimsmarkmiðin og loftslagsmál. Lagt fram til kynningar.

2.6 Jafnréttisviðurkenning. Jafnréttisstofa óskar eftir tilnefningum fyrir 27.september.

2.7 Boð á ársþing, SSNV og SSS. Lagt fram til kynningar.

2.8 Minningardagur sameinuðu þjóðanna vegna umferðarslysa.

Bréf frá Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytinu um minningardag sameinuðupjóðanna vegna umferðaslyss lagt fram til kynningar. Minningardagurinn verður sunnudaginn 17.nóvember 2019.

3. Innra starf SSA

3.1 Ýmsir fundir – til kynningar

3.1.1 Aukalandsþing Sambandsins 6.sept 2019

Formaður sagði frá aukalandsþingi sambandsins sem ýmsir af sveitastjórnarstiginu á Austurlandi sóttu.

3.1.2 Opinn fundur um heilbrigðisstefnu þann 22. ágúst á Egilsstöðum

Formaður sagði frá fundinum og sagði það fagnaðarefni að stefna í heilbrigðismálum lægi fyrir. Framkvæmdastjóri sagði það hafa vakið athygli sína á fundinum að þar hefði verið talað um nefnd um verkefni utansjúkrahússpjónustu. Stjórn var því

sammála og felur framkvæmdastjóra að leita upplýsinga um það hverjir sitja í þessari nefnd.

3.1.3 Starfsáætlun alþingis 2019-2020

Formaður kynnti helstu dagsetninar. Framkvæmdastjóri benti á að kjördæmavika sé í sömu viku og fjármálaráðstefnan. Stjórn vísar því til framkvæmdastjóra og formanns að setja niður áætlun vegna kjördæmaviku.

3.2 Sóknaráætlun

3.2.1 Staða mála vegna endurskoðun sóknaráætlunar og samninga

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna. Hún sagði samráðshóp fyrir nýja sóknaráætlun Austurlands funda 23.sept og sóknaráætlunin yrði svo kynnt á haustþingi SSA.

3.2.2 Fundur með stýrihópi haustið 2019

Framkvæmdastjóri kynnti að stýrihópur stjórnarráðsins hefði hug á að koma austur til fundar. Fundadagsetning liggur ekki fyrir.

3.2.3 Innkomið erindi frá UngAust

Framkvæmdastjóri kynnti erindið. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ræða við Ung Aust.

3.3 Byggðaaætlunarverkefni

3.3.1 Yfirferð yfir verkefni byggðaaætlunar

Framkvæmdastjóri sagði frá því að ekkert nýtt hefði komið um stöðu verkefna frá því í vor. Framkvæmdastjóra er falið að kalla eftir stöðu á verkefnum byggðaaætlunar hjá verkefnastjóra ráðuneytisins.

3.3.2 C9 – verkefnatillaga

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu mála. Stjórn vísar málinu til framkvæmdaráðs til frekari frágangs.

3.4 Haustþing SSA

3.4.1 Dagskrá

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna. Bar hún það undir stjórn að hvort breyta mætti fyrirkomulagi á fundinum og byrja á nefndarstörfum eftir hádegðið en enda á ávörpunum vegna tímasetninga fyrir þá aðila sem eru að koma að á fundinn. Stjórn tók vel í breytt fyrirkomulag.

3.4.2 Verkefnalisti

Framkvæmdastjóri upplýsti um þau atriði sem verið er að vinna að í tengslum við undirbúning ársþings.

4. Umsagnir

4.1 Umsögn SSA vegna grænbókar, um stefnu stjórnvalda í málefnum flugrekstrar og flugtengdrar starfsemi á Íslandi.

Framkvæmdastjóri lagði umsögnina fram til kynningar.

4.2 Yfirferð yfir málalista í samráðsgátt sem eru opin til umsagnar

Framkvæmdastjóri kynnti samráðsgáttina og þau atriði sem eru þar til umsagnar.

5. Önnur mál

5.1 Almenningsamgöngur – málarekstur vegna Sterna

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu mála eftir samskipti við lögmann SSA Hilmar Gunnlaugsson. Stjórn sammála um að formaður og framkvæmdastjóri fari yfir málin með lögmanni.

5.2 Tímalengd skipunar í úthlutarnefnd og fagráð

Framkvæmdastjóri leitaði samþykkis hjá stjórn fyrir því að aðilar í úthlutunarnefnd og fagráði uppbygggingasjóðs gætu setið allt að fjögur ár í úthlutunarnefnd og fagráði í stað tveggja áður. Var það samþykkt af stjórn.

5.3 Boðun varamanna þegar tilgreindur varamaður forfallast

Umræður voru á fundinum um að koma þyrfti á vinnureglum yfir það hverja skyldi boða á fund ef aðalmenn í stjórn forfallast. Var stjórnin sammála um að skilgreindir varamenn aðalmanna skyldu kallaðir inn fyrst og ef þeir kæmst ekki þá yrðu boðaðir varamenn annarra aðalmanna.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 16:20

Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

Hildur Þórisdóttir

Gauti Jóhannesson

Sigríður Bragadóttir

Pálína Margeirsdóttir

Jakob Sigurðsson